

Ferðaskrifstofa

Ferðaskrifstofa er aðili, hvort sem er einstaklingur eða lögaðili, sem setur saman, býður fram, selur pakkaferðir eða hefur milligöngu um sölu samtengdrar ferðatilhögunar í atvinnuskyni, hvort sem er að eigin frumkvæði eða eftir beiðni viðskiptavinar, innan lands eða erlendis.

Hugtakið ferðaskrifstofa tekur til seljenda samkvæmt lögum um pakkaferðir og samtengda ferðatilhögun, þ.e. til skipuleggjenda, smásala og seljenda sem hafa milligöngu um sölu samtengdrar ferðatilhögunar eins og þessir aðilar eru skilgreindir í þeim lögum.

Ferðaskrifstofa getur jafnframt haft með höndum og veitt alla þá ferðatengdu þjónustu sem ferðasali dagsferða gerir, hvort sem hún er veitt í formi pakkaferða eða ekki.